

20

24. marz

L Ö G

um breyting á lögum nr. 98 9. júlí 1941, um heimild fyrir ríkisstjórnina til ráðstafana og tekjuöflunar vegna dýrtíðar og erfiðleika atvinnuveganna.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Heimildir þær, sem ríkisstjórninni voru veittar með ákvæðum 3. gr. laga nr. 98 9. júlí 1941, sbr. lög nr. 29 1943, skulu koma í gildi af nýju 1. janúar 1944 að telja og gilda til loka þess árs.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 24. marz 1944.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Einar Arnórsson.

21

24. marz

L Ö G

um, að gjafir til barnaspítala skuli dregnar frá skattskyldum tekjum gefanda við álagningu skatta til ríkis og bæjar eða sveitar.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Gjafir til barnaspítala skal gefanda heimilt að telja til frádráttar skattskyldum tekjum sínum það ár, og reiknast gjöfin sem annar löglegur frádráttur, áður en lagðir eru á skattar til ríkis og bæjar eða sveitar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til ársloka 1945.

Gjört í Reykjavík, 24. marz 1944.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Björn Ólafsson.